

Kannabis og meðganga



Almennt um kannabis

Kannabis er unnið úr plöntunni Cannabis Sativa og er virka efnið kallað THC (Delta-9 tetrahydrocannabinol). Efnið hefur þau áhrif að það hægir á taugaboðum frá heilanum til annarra hluta líkamans. Það getur truflað minni og hugsun, einnig valdið ofskynjunum og ofsóknarkennd (paranoia).

Hvaða áhrif hefur það á barnið ef móðir notar kannabis á meðgöngu?

Notkun kannabisefna á meðgöngu er skaðleg fyrir barnið. Efnið er fituleysanlegt og fer auðveldlega yfir til fylgju og niðurbrotsefni þess má einnig finna í legvatni og fósturvef. Notkunin hefur í för með sér aukna hættu á að vöxtur fósturs skerðist með þeim afleiðingum að barnið verði létt við fæðingu.

Eftirfarandi atriði hafa komið fram í rannsóknum um áhrif kannabis notkunar á meðgöngu:

- Meiri hætta er á að vöxtur barns skerðist með þeim afleiðingum að það verði of létt við fæðingu. Ekki er vitað hvort magn efnisins skiptir máli.
- Aukin hætta er á fæðingu fyrir tímann.
- Auknar líkur á að barn þurfi að leggjast inn á vökudeild eftir fæðingu.
- Barn getur fengið fráhrarfseinkenni eftir fæðingu sem geta lýst sér í óróleika, truflunum á svefnmynstri og skerandi gráti.
- Tóbaksreykingar eru algengari hjá þeim mæðrum sem nota kannabis.
- Óljóst er hvort kannabisnotkun auki líkur á fæðingargöllum en vitað er að tóbaksreykingar geta aukið líkur á kloffnum göm og/eða vör.
- Aukin hætta er á vöggudauða (eins og með flest önnur vímuefni).

Áhrif kannabis á fóstur geta hins vegar verið dulin og eru ekki endilega sýnileg fyrstu mánuðina eða árin í lífi barnsins. Það virðist geta haft áhrif átaugakerfi barna með aukinni hættu á þroska- og námsörðugleikum. Þá eru hegðunarvandamál algengari hjá börnum/unglingum mæðra sem notuðu kannabis á meðgöngu.

Mikilvægt er að hafa í huga að taugakerfi barna er stöðugt að þroskast allt frá fósturlífi og fram yfir unglingsár. Það er því mun viðkvæmara en hjá fullorðnum fyrir skaðlegum áhrifum kannabisefna.

Þó má ekki gleyma að margt annað getur haft áhrif á heilsu móður og barns á meðgöngunni s.s. næring, tóbaksreykingar, notkun annarra vímuefna og andleg líðan móður.

Hvaða hjálp er í boði?

Ef þú átt von á barni og notar kannabisefni er mikilvægt að þú fái ráðgjöf frá fagfólki sem allra fyrst. Þú getur leitað til ljósmóður, heimilislæknis, félagsráðgjafa eða fagfólks á sviði fiknimeðferðar. Fagfólkið getur aðstoðað þig við að:

- Skoða málið út frá þínu sjónarhorni og huga að jákvæðum breytingum.
- Læra nýjar leiðir til að takast á við dagsdagleg verkefni.
- Finna leiðir til að hætta eða draga úr notkun á kannabis og/eða öðrum efnum.
- Sækja um meðferð og stuðningsúrræði.
- Fá upplýsingar um hvernig hægt er að draga úr skaðlegum áhrifum, bæði fyrir barnið og þig.
- Undirbúa þig fyrir foreldrahlutverkið.

Meðgönguvernd

Kannski finnst þér erfitt að segja frá að þú notir kannabis á meðgöngu – flestum finnst það. Samt er mjög mikilvægt að ræða það við ljósmóður eða lækni strax í upphafi meðgöngunnar svo hægt sé að draga úr skaðlegum áhrifum efnisins, bæði fyrir barnið og þig.

Ef þú notar kannabis eða ert nýhætt neyslu, máttu gera ráð fyrir að koma í mæðraskoðanir á meðgöngunni á viku til 2ja vikna fresti. Það er til að hægt sé að fylgjast með heilsu þinni og ófædda barnsins, veita þér stuðning og hjálpa þér að finna leiðir til að hætta eða draga úr notkun efnisins. Ef einhverjar áhyggjur vakna af vexti ófædda barnsins geta ljósmóðir eða læknir fylgst nánar með því og jafnvel vísað þér í frekari rannsóknir.

Mikilvægt er að huga vel að næringarástandi þínu og athuga hvort þörf er á bætiefnum.

Eftir fæðingu

Ef þú hefur notað kannabis á meðgöngu er líklegt að þið þurfið að dvelja í nokkra daga á sængurlegudeildinni til að hægt sé að fylgjast vel með líðan barnsins. Fráhvarfseinkenni geta komið fram hjá barninu t.d. óvæð og vandamál við brjóstgjöf. Ef barnið sýnir merki um vanlíðan er haft samráð við barnalækna.

Brjóstgjöf

Kannabisefni berast auðveldlega í brjóstamjólk og geta safnast fyrir í fituvef barnsins. Visbendingar eru um að það hafi áhrif á taugabroska barnsins því er alls ekki mælt með að nota kannabisefni ef þú ert með barn á brjósti.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símunum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.
